

Föstudaginn 11. desember 1953.

Nr. 140/1952. **Halldór Björnsson og Óli Þorbjörn Haraldsson**
(Egill Sigurgeirsson)

gegn

Vigdísi Jónsdóttur (Theódór B. Líndal)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Eru kröfur þeirra þær, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 503.50 eða samkvæmt mati Hæstaréttar. Svo krefjast þeir þess, að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði, en að aðaláfrýjendum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 29. október 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. s. m., gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða henni kr. 31.678.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. ágúst 1948 til greiðsludags. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar sér til handa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa ýmis ný gögn verið lögð fram í málinu. Hinn 24. september þ. á. skoðaði héraðslæknirinn í Stykkishólmi, Ólafur P. Jónsson, gagnáfrýjanda. Segir svo í vottorði hans, að vinstri fótur sé nokkru rýrari en hinn hægri. Nokkrar blóðrásartruflanir séu í vinstra fæti og á hann sæki kuldi og allmikil dofatilkenning. Gagnáfrýjandi þreytist miklu fyrr í vinstra fæti en hinum hægra og þoli mjög illa alla áreynslu, sérstaklega ef hún þarf eitthvað að bogra eða vinna erfið störf. Ennfremur kveður héraðslæknirinn hana ekki þola nema stuttar göngur í einu vegna þreytu og verkja í hnénu. Örin eftir skurðaðgerðir þær, sem lýst er í héraðsdómi, telur hann mjög áberandi og veruleg líkamslýti.

Hinn 23. október síðastliðinn skoðaði prófessor Snorri Hallgrímsson gagnáfrýjanda. Er lýsing hans á almennri líðan gagnáfrýjanda og löskun á vinstra fæti svipuð lýsingu hér- aðslæknisins. Að lokum segir svo í vottorði prófessorsins:

„Röntgenmynd af v. hné sýnir, að liðbilið í hnéliðnum innanverðum er lítilsháttar þrengra en eðlilegt er, en að öðru leyti sést ekkert athugavert.“

Að lokinni skoðun prófessors Snorra Hallgrímssonar var Þórarni Sveinssyni lækni falið að framkvæma örorkumat. Telur hann þessi atriði koma til greina samkvæmt vottorði prófessorsins:

1. Rýrnun á vinstri kálfavöðvum.
2. Eymsli innanvert á vinstri hnélið.
3. Dofatilfinning neðan öranna á vinstri hnélið.
4. Dregið úr beygikrafti liðsins, sársaukatilfinning talin orsök þess.
5. Þrengt liðbil innanvert í liðnum.

Síðan segir svo í vottorði hans:

„Segja má, að fyrstu 4 atriðin séu samhljóða fyrri athugun- um, en 5. atriðið var áður óþekkt og hefur þýðingu, þar sem tilhneiging (disposition) til alvarlegra liðbreytinga má teljast aukin og tekur ekki breytingum til bata.“

Örorka vegna slyssins til viðbótar og í framhaldi af fyrra mati í vottorði mínu, dags. 26. október 1951, tel ég megi telja 8% til frambúðar.“

Loks hefur K. G. Guðmundsson tryggingarfræðingur með líkindatölum áætlað tjón gagnáfrýjanda af örorkunni, eins og hún hefur verið á hverjum tíma eftir slysið, og ætla má, að hún verði til frambúðar samkvæmt því, sem nú var greint. Er þá gert ráð fyrir 8% örorku frá 6. desember 1950 til 12. júlí 1951. Telur hann tjónið þannig áætlað nema kr. 38681.00, ef frá slysdegi til septemberloka 1950 er miðað við kaup það, sem gagnáfrýjandi hafði, er slysið bar að höndum, en frá 1. október 1950 við ráðskonukaup í Reykjavík. En sé miðað við skrifstofukaupið allan tímann, kr. 50.374.00.

Bætur gagnáfrýjanda til handa fyrir raunverulegt fjár- hagstjón hennar og annað, sem greinir í 3. kröfulið í héraðs-

dómi, þykja samkvæmt öllum atvikum hæfilega metnar kr. 23.000.00.

Ákvæði héraðsdóms um 1. og 2. kröfulið, samtals kr. 1003.50, þykir mega staðfesta. Ber því að dæma aðaláfrýjendur in solidum til þess að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 24.003.50 ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 5500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Halldór Björnsson og Óli Þorbjörn Haraldsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Vigdís Jónsdóttur, kr. 24.003.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. ágúst 1948 til greiðsludags og samtals kr. 5500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Vigdís Jónsdóttir, Ránargötu 22, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. apríl 1951, og framhaldsstefnu, útgefinni 3. þ. m., gegn þeim Halldóri Björnssyni, Hrisateig 25, hér í bæ, og Óla Þorbirni Haraldssyni, Skúlaskeiði 26, Hafnarfirði. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skaðabætur vegna bifreiðaslyss að fjárhæð kr. 31.768.50 með 6% ársvöxtum frá 8. ágúst 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 503.50, en til *væra*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar að mati dómarans. Þá hafa stefndu í báðum tilvikum krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Samvinnutryggingum, hér í bæ, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreindar bifreiðar, R 104 og G 56, voru vátryggðar hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda og þær hafa engar kröfur gert.

Málsatvik eru þau, að þann 8. ágúst 1948 var bifreiðinni G 56, eign stefnda Óla, ekið frá Þingvöllum áleiðis til bæjarins og var stefnandi farþegi í þeirri bifreið. Í sama mund var bifreiðinni R 104, eign stefnda Halldórs, ekið frá bænum áleiðis til Þingvalla. Er bifreiðar þessar mættust

við mót gamla og nýja Þingvallavegarins, varð með þeim árekstur með þeim afleiðingum, að farþegar, þar á meðal stefnandi, hlutu meiðsl.

Mál var höfðað gegn öikumönnum bifreiðanna vegna slyss þessa og með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 23. janúar 1950, var þeim báðum refsað fyrir gálausan akstur í umrætt sinn.

Stefndu hafa viðurkennt fébótaábyrgð sína á tjóni því, er stefnandi beið vegna slyss þessa.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi nú þannig:

1. Lækniskostnaður og læknisvottorð kr. 703.50
2. Fataskemmdir — 300.00
3. Bætur fyrir vinnutjón, örorku, lýti, þjáningar og óþægindi — 30.675.00

Kr. 31.768.50

Um 1. Af kröfulið þessum eru kr. 203.50 viðurkenndar. Hins vegar hafa stefndu algerlega mótmælt kr. 500.00 af lið þessum, en það er kostnaður vegna lækniaðgerða á árinu 1951, og talið, að þær aðgerðir séu slysi þessu algerlega óviðkomandi. Eins og nánar verður rakið, er rætt verður um lið 3 hér á eftir, þá verða lækniaðgerðir þessar taldar vera í beinu sambandi við slysið. Verður því þessi kröfuliður tekinn til greina að öllu leyti, enda þykja eftir atvikum nægileg rök fyrir honum færð.

Um 2. Kröfuliður þessi er viðurkenndur af stefndu.

Um 3. Við slysið hlaut stefnandi allmikil meiðsl. Var hún flutt á Landspítalann og gert þar að meiðslum hennar. Er þeim lýst svo í vottorði lækni þess, er tók þar á móti henni: „Rétt h. megin við munninn var djúpur, ca 2 sm langur skurður og á v. hné ca 3 sm langur skurður, sem einnig var mjög djúpur. Þar að auki voru stórir marblettir (hæmatomata) víðsvegar, sérstaklega á hægri læri, h. upphandlegg, brjósti og v. fæti, samf. talsv. eymsli.“

Er gert hafði verið að sárum hennar, var hún flutt heim til sín og lá þar rúmföst í tvær vikur. Þá var hún eina viku á fótum heima við. Eftir það fór hún að stunda störf sín, þótt hún teldi sig ekki hafa náð fullum bata, en hún vann á skrifstofu einni. Á dómþingi aukaréttar Reykjavíkur 2. marz 1949 taldi stefnandi sig ekki vera búna að ná bata eftir hnémeiðslin, en önnur meiðsl væru bötnuð. Þann 2. júní 1949 leitaði stefnandi til dr. Snorra Hallgrímssonar vegna óþæginda, er hún taldi sig hafa í vinstra kjálkalið, en þau óþægindi kvaðst hún hafa fengið við fyrrgreint slys. Í vottorði lækni þessa, sem dagsett er 21. júlí 1949, segir svo: „Við skoðun kom í ljós allmikið marr (crepitation) í v. kjálkalið við hreyfingar. Röntgenskoðun kom í ljós, að liðbilið í vinstra kjálkalið er í þrengri lagi og merki um það, að nokkurt los væri í liðnum. Líklegt þykir, að um sköddun á liðbrjóski (menise) sé að ræða.“ Ekki virðist lækni þessi neitt hafa rannsakað hnémeiðsl stefnanda. Þann 17. apríl 1950 snéri stefnandi sér til Bjarna Jónssonar lækni og kvartaði nú yfir óþægindum í vinstra hné. Læknirinn taldi, að liðband myndi vera slitíð og var stefnandi lögð á sjúkra-

hús 6. maí s. á. Var þar framkvæmd skurðaðgerð á henni og slitið liðband numið burtu. Lá stefnandi á sjúkrahúsinu vegna þessa til 20. s. m. Stefnanda heilsaðist vel eftir aðgerð þessa og náði allmiklum bata. Þann 15. sept. 1950 var stefnandi rannsökuð af Þórarni Sveinssyni lækni, er mat örorku hennar. Segir svo í vottorði hans, sem dagsett er sama dag: „*Skoðun*: Fönguleg stúlka, vel útlitandi og frekar tápleg. Skýrir skipulega frá atburðum og man atburðina greinilega. Hún bendir á staði í andliti, er hún segist hafa hruflost á við slysið. Þeir staðir eru nú alveg grónir án örvefs, nema á kinninni, aftan og ofan við hægra munnvik. Þar er stjörnulaga ör á kinninni, er þó ber mjög lítið á. Aðallega eru þrír örvefsgeislar, er mælast 1—1,5 cm frá miðpunkti örsins. Annað sést ekki við skoðun í andliti. Í kjálkaliðnum, beggja vegna, smellur töluvert, en enga hreyfingarhindrun er þar að finna.

Við almenna skoðun er ekkert sjúklegt að finna. Blóðþrýstingurinn mælist 120/80, hjartatónar eru eðlilegir og rythmus er jafn.

Við athugun á vinstri hnjálið sést ör, neðanvert við hnéskelina, er mælist 7 cm að lengd og er sýnilega eftir lækni-aðgerð þá, er Bjarni læknir framkvæmdi. Ofan við ör þetta er annað minna, er mælist 3 cm og mun vera eftir meiðslið, er vottorð vaktlæknis Landspítalans getur um hér að framan. Engin hreyfingarhindrun er í liðnum. Dáltil eymsli eru ofanvert við örið eftir aðgerðina, innanlærs. Ekkert sjúklegt er þar þó að finna við áþreyfingu.

Að öðru leyti er ekkert athugavert að finna.

Ályktun: Meiðsli það, er slasaða hefur hlotið, hefur reynzt afleiðingarikara en útlit var fyrir í fyrstu, eins og vottorð læknanna og sögusögn slösuðu bera með sér.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin, miðað við almenn störf:

Fyrir ½ mán. fyrst eftir slysið	100%	örorka
— ½ — þar á eftir	75%	—
— ½ — — - —	50%	—
— ½ — — - —	35%	—
Úr því til 6. maí 1950	25%	—
Frá 6./5. '50 til 6./6. '50	100%	—
— 6./6. — - 6./7. —	65%	—
— 6./7. — - 6./8. —	30%	—
— 6./8. — - 6./9. —	15%	—

Úr því 10% öryrki um 3 mán. skeið.“

Þrátt fyrir þessa aðgerð, kveður stefnandi sér ekki hafa batnað að fullu í hnénu. Þann 12. júlí 1951 var stefnandi lögð inn á sjúkrahús eitt í Danmörku og var þar gert að hnémeini þessu með skurðaðgerð. Fór stefnandi af sjúkrahúsinu 27. s. m. Er hún kom hingað heim aftur, leitaði hún til nuddlæknis eins og var hjá honum til aðgerða um eins mánaðar skeið. Þann 20. október 1951 skoðaði Þórarinn Sveinsson læknir stefnandi aftur og segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 26. s. m.: „Hún er nú farin fyrir nokkru að stunda heimilisstörf sín. Langt í frá telur hún sig vera

örðna jafngóða í fætinum. Kvartar um verki innanvert á hnéliðnum. Segist þreytast við göngur og stöður. Heilsufarið verið að öðru leyti sæmi-
legt.

Skóðun: Hraustlegt útlit. Skýrir eðlilega frá atburðum. Vinstri hnéliður: Innanvert við hnéskelina í stefnu ganglimsins er 6 cm. langt ör, blárautt að lit, og sjást saumförið ennþá. Annað ör innan og neðanvert við hnéskelina liggur í stefnu á ská niður og út á við og mælist það 8 cm á lengd. Talsverður þroti er umhverfis örin og í liðpokanum, en engin eymsli eru að merkja. Ekki verður vart nokkurra hreyfingahindrana í liðnum og full réttning og beyging er einnig í honum.

Ályktun: Það er ljóst af framanskráðu að slasaða hefur aldrei gengið heil til skógar, þótt hún hafi getað stundað störf sín. Æskilegt hefði verið að umsögn hefði verið frá lækni þeim, er framkvæmdi skurðaðgerðina í Orthopedisk Hospital, varðandi ástand hnéliðsins. Ekki verður dregið í efa, að aðgerðin hefur verið nauðsynleg með tilliti til afleiðinga slyssins.

Örorka vegna aðgerðarinnar — vegna fyrrgreinds slyss — telst hæfilega metin:

Fyrir tímabilið 12. júlí til 27. s. m.	100%	örorka
— — 27/7 — 27/8	60%	—
— — 27/8 — 27/9	35%	—
— — 27/9 — 27/10	20%	—

Með tilliti til þess að gera verður ráð fyrir að alllangur tími líði, þar til liðpoki hnéliðsins hefur jafnað sig eftir aðgerðina, verður að áætla að 10% örorka, í framhaldi af fyrrgreindu örorkumati um 6 mánaða skeið, sé hæfilegt mat, svo framarlega, að ekkert nýtt komi til sögunnar.“

Stefnandi var 21 árs að aldri, er slys þetta varð, og vann á skrifstofu einni hér í bænum. Hafði hún kr. 1500.00 í kaup á mánuði. Henni mun hafa verið greitt kaupíð að fullu, þrátt fyrir veikindi sín. Hún mun hafa gíft í október 1950. Með yfirlýsingu, dags. 6. þ. m., veitti vinnuveitandi hennar henni heimild til að heimta inn hjá stefndu þau laun, er henni höfðu verið greidd og þeim bæri að greiða.

Stefnandi telur, að öll þau meðisl og sjúkleiki, sem að framan hafa verið rakin, séu afleiðing af slysi þessu, og beri stefndu að bæta allt það tjón, sem af hafi hlotizt. Hefur stefnandi í því sambandi talið, að vinnutjón hennar og bætur vegna örorku nemi kr. 15.150.00, ef miðað sé við kr. 1500.00 í kaup á mánuði og örorkumat Þórarins Sveinssonar læknis. Þá hefur stefnandi bent á, að hún beri nokkur lýti vegna slyss þessa og meiðsln hafi valdið henni stöðugra og mikilla óþæginda og þjáninga.

Stefndu hafa mótmælt þessum lið. Telja þeir, að stefnandi eigi ekki rétt á bótum fyrir vinnutjón, þar sem hún hafi einskis kaups miszt. Þá hafa þeir mótmælt því, að hnémlein þau, er að framan hefur verið getið, standi í nokkru sambandi við slys þetta og hafa bent á, að stefnandi hafi ekki getið þeirra, er hún var hjá dr. Snorra Hallgrímssyni lækni, en til þess hafi einmitt verið sérstök ástæða, þar sem hann sé sérfróður maður um slíka sjúkdóma. Stefnandi hafi ekki getið þessara hnémleina, fyrr en

um tveim árum eftir slysið og sé því full ástæða til að ætla, að þau eigi rót sína að rekja til annarra atvika.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Þegar hún er virt, verður ekki annað séð, en hnémeið þau, er hún hefur þjáðst af, eigi rót sína að rekja til slyss þessa. Með vísan til þessa og þeirra gagna, er þegar hafa verið rakin, svo og annars þess, er hér skiptir máli, þykja hæfilegar bætur samkvæmt þessum lið kr. 12.000.00.

Málalok verða því þau, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 13.003.50 (703.50 + 300.00 + 12.000.00) með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Halldór Björnsson og Óli Þorbjörn Haraldsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan, stefnanda, Vigdísí Jónsdóttur, kr. 13.003.50 með 6% ársvöxtum frá 8. ágúst 1948 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. desember 1953.

Nr. 63/1953. **Sigursteinn Júlíusson** (Magnús Thorlacius)

gegen

Gísli Jóhannssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramar **Hæstaréttar**.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1953. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 11.502.45 með 6% ársvöxtum frá 25. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hafði kært málskostnaðarákvæði